

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2002-01</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 5. febrúar 2002 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun ársins 2001. 2) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2001. 3) Áætlun ársins, starfshættir og skipulag vinnu. 4) Notkunarflokkar raforku 2001 og gögn um afl. 5) Húshitun. 6) Almennar forsendur raforkuspár. 7) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson Ívar Þorsteinsson Ólafur Pálsson Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

SÁ var boðinn velkominn til starfa sem fulltrúi Samorku.

- 1) JV dreifði töflum um raforkunotkun 2001. Hann sagði að tölurnar væru nánast endanlegar þar sem einungis vantar smávægilega vinnslu í dieselstöðvum. JV sagðist ekki vera búinn að fá töpin fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupsstað og Bæjarveitur Vestmannaeyja en þar væru töpin sérstaklega áætluð.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 4,5%. Aukning stórnotkunar var 5,8%, almenn notkun jókst um 1,8% og flutningstöp jukust um 12,5%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 2,1% og -1,1% í ótryggðri orku. JV benti á að meiri aukningu almennrar forgangsorku á seinni hluta síðasta árs en fyrri hlutanum. Ekki liggur fyrir ótvíræð skýring á mikilli aukningu á 3. ársfjórðungi.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðréttá út frá lofthita. Síðasta ár var hlýtt miðað við meðalár, en árið á undan var jafn hlýtt og meðalár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 2,9% (úr 1,8%) og aukning forgangsorku verður 3,2% (úr 2,1%). JV afhenti hverri veitu fyrir sig upplýsingar um orkuöflun viðkomandi veitu.

- 2) JV dreifði drögum 1 að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs. Hann sagði að notkun á íbúa væri komin yfir þá tölu í Noregi eins og menn höfðu átt von á. GG benti á að setja mynd með þróuninni á íbúa í Noregi og Íslandi. JV sagði að fréttatilkynningin yrði afgreidd á fundi í Orkuspárnefnd á föstudaginn og ef menn hafa einhverjar athugasemdir eða hugmyndir þurfa þær að komast til JV í síðasta lagi á fimmtudag.
- 3) Engar athugasemdir komu við áætlun ársins. Nefnt var hvort ekki væri rétt að breyta kostnaðarskiptingu og mun JV taka það upp á fundi Orkuspárnefndar.
- 4) JV sagði að notkunarflokkar raforku væru ekki komnir frá neinni veitu. ÍP átti von á að þeir væru í lagi fyrir síðasta ár hjá Orkuveitu Reykjavíkur. GG sagðist ekki geta gefið notkunarflokkana eftir notkunarsvæðum fyrir síðasta ár þar sem tenging við Fasteignamat væri ekki orðin virk. Hann sagði að aflgögn Rarik ættu að vera tilbúin.
- 5) JV sagði að endurskoða þyrfti húshitunarspá samhliða raforkuspá. Betri gögn mundu væntanlega fást í framtíðinni um húshitun ef frumvarp verður að lögum sem er í smíðum í iðnaðarráðuneyti. GG benti á að sumarbústaðir ættu að vera búnir að fá öryggisnúmer sem ætti að kalla á betri skráningu þeirra.
- 6) JV sagði að hópurinn þyrfti að skoða almennar forsendur sem tengjast raforkuspá og koma með tillögur að breytingum til Orkuspárnefndar. ÍP benti á að athuga þyrfti hvað ætti að leggja mesta áherslu á og að skoða þyrfti samanburð við Norðurlönd. Á næsta fundi verður farið yfir almennu forsendurnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 5. mars 2002.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2001. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita. (JV)
- Raforkunotkun hjá einstaka veitum. (JV)
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2001. Drög 1.